

Verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Brottvísun úr skóla er stjórnvaldsákvörðun og ber því að fara eftir ákvæðum stjórnvísulaga, nr. 37/1993, við alla málsmeðferð.

Bent skal á að brottvísunin er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008

Verklag skólustjóra

Skólustjóri sendir foreldrum viðkomandi nemanda bréf samdægurs með tilkynningu um fyrirhugaða brottvísun úr skólanum. Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls og nemanda sjálfan þegar það á við.

Inntak bréfsins

Fyrirhuguð brottvísun

- ✓ Tilkynning um fyrirhugaða brottvísun meðan fundin er lausn á máli nemanda sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
- ✓ málsatvik
- ✓ tilvitnun í skólareglur og viðurlög við brotum á þeim sem eiga við í viðkomandi tilviki
- ✓ hve lengi brottvísunin á að vara ef um tímabundna brottvísun er að ræða
- ✓ upplýsingar um andmælarétt foreldra (skrifleg/munnleg andmæli, frestur til andmæla)
- ✓ skólustjóri boðar foreldra á fund næsta skóladag til þess að gæta andmælaréttar í samræmi við stjórnvísulög vegna fyrirhugaðrar brottvísunar
- ✓ bent á að brottvísunin, komi til hennar, er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008

Fyrstu viðbrögð við broti geta falist í því að senda nemanda heim það sem eftir lifir þess dags sem meint brot á sér stað og telst það ekki til stjórnvaldsákvörðunar. Láta þarf foreldra vita áður en nemandi er sendur heim.

Nemandinn getur verið heima, að höfðu samráði við foreldra, eða í öðru skólaúrræði þar til andmælin hafa verið tekin fyrir.

Skólustjóri heldur fund með foreldrum næsta skóladag á eftir þar sem farið er yfir málsatvik og foreldrum gefst tækifæri til þess að koma með andmæli við fyrirhugaðri ákvörðun skólustjóra.

Komi foreldri með andmæli við brottvísuninni á fundinum ber skólustjóra að taka þau til skoðunar og leggja mat á málið að nýju að loknum fundi. Andmæli foreldra eru ýmist

lögð fram bréfléga eða munnlega og ber þá að skrá þau niður. Foreldrar staðfesta að rétt sé eftir haft með undirritun sinni.

EF ekkert kemur fram í andmælum foreldra sem að mati skólastjóra hefur áhrif á fyrirhugaða ákvörðun sendir skólastjóri foreldrum nemandans bréf þar sem ákvörðun um brottvísun (tímabundin/ótímabundin) er tilkynnt.

Inntak bréfsins

Ákvörðun um brottvísun

- ✓ að tekin hafi verið ákvörðun um að vísa nemandanum úr skóla meðan verið er að finna lausn á máli hans sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 4. mgr. 12.gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011
- ✓ vísað er til fyrra bréfs þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða brottvísun
- ✓ að skólastjóri hafi farið yfir andmæli foreldra
- ✓ ástæða ofangreindrar brottvísunar og hversu lengi brottvísunin á að standa ef um tímabundna brottvísun er að ræða, þá að hámarki eina kennsluviku
- ✓ sé nemandi vikið ótímabundið úr skóla skv. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar, 91/2011 skal skólastjóri strax tilkynna skólanefnd þá ákvörðun. Skólanefnd er skylt innan þriggja vikna að tryggja nemandi, sem vikið hefur verið úr skóla viðeigandi kennsluúrræði, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008
- ✓ bent skal á að brottvísunin er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 47. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008

Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, sjá í 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Bent skal á að foreldrar, sem aðilar máls, eiga aðgang að öllum gögnum þess nema þau innifeli upplýsingar um aðra nemendur. Í þeim tilvikum þarf skólastjóri að meta hagsmuni hvors aðila af því að aðgangur sé veittur.